

- Svara þarf áreiðanleikakönnun, AML, fyrir félagasamtökin, hafi það ekki verið gert áður. Tilvísun í lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka nr.140/2018. Könnunina er hægt að nálgast í þjónustuveri Arion banka sími 444-7000 eða í næsta útibúi Arion banka.
- ✓ Hægt er að fá könnunina senda á tölvupósti til að taka með á félagsfund
 - ✓ Áður en hægt er að samþykka AML á félagið þurfa allir stjórnarmenn félagsins og umboðshafar að vera búnir að skanna löggild skilríki hjá bankanum, ökuskrteini eða vegabréf, hafi þeir ekki gert það áður. Hægt er að sanna á sér deili með rafrænum skilríkjum á [heimasíðu bankans](#). Hægt er að hringja í þjónustuver Arion banka til að fá nánari upplýsingar.
- Skila þarf inn afriti af fundargerð félagsfundar þar sem fram kemur hverjir eru í stjórn félagsins. Fundargerðin þarf að vera dagsett og undirritið af fundarritara og að minnsta kosti einum stjórnarmanni.
- ✓ **Skila inn eyðublaðinu „Umboð til gjaldkera félags og tilkynning um stjórnarkjör“.** Gott að fara með þetta eyðublað á félagsfund þar sem **meirihluti stjórnar félagsins** þarf að skrifa undir umboð til gjaldkera og þeir félagsmenn, sem voru á boðuðum aðalfundi félagsins, þurfa að staðfesta kjör stjórnarinnar með undirritun sinni á tilkynninguna um stjórnarkjör. Einnig þarf 2 votta á eyðublaðið.
 - ✓ Á sama eyðublaði kemur fram hver hættir sem gjaldkeri félagsins, þar þarf að fylla inn nafn, kt. Og notandanafn á eyðublaðið. Umboð fráfarandi gjaldkera eru felld niður á reikninga sem og í netbanka.
 - ✓ Skilyrði er að skipta um leyninúmer á reikningum þegar skipt er um gjaldkera til að tryggja öryggi reikningseiganda.
- Þjónustupættir:
- ✓ Netbanki: ef félagið er ekki með netbanka eða þarf að skipta um notanda í netbanka, þarf að skila inn eyðublaðinu: *Samningur um aðgang að netbanka fyrir félag/húsfélag*. **Meirihluti stjórnar þarf að undirrita sem og tveir vottar. Þetta eyðublað er einnig gott að taka með á félagsfund til að fá undirskriftir.**
 - ✓ Innheimtuþjónusta: ef félag óskar eftir því að stofna innheimtuþjónustu þá þarf að skila inn eyðublaðinu: *Samningur um innheimtuþjónustu* sem gjaldkeri undirritar. Hægt er að nálgast samninginn á heimasíðu bankans.
- Eyðublöð varðandi félagaþjónustuna er hægt að nálgast á [heimasíðu Arion banka](#)